

2006100048
8719; 9310

Daði Þorbjörnsson
Malarhöfða 10
110 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2007

Efni: Efnisnám í landi Bíldsfells í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Mest ehf. dags. 17. október 2006 og 9. febrúar 2007 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt efnisnám í landi Bíldsfells í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grímsnes- og Grafningshrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps með bréfi dags. 1. febrúar 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 16. janúar 2007, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 9. janúar 2007 og tölvupósti dags. 31. janúar 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. janúar 2007. Frekari upplýsingar bárust frá Mest ehf. með bréfi dags. 19. febrúar 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Efnistaka til steypuframléiðslu hefur farið fram í Bíldsfellsnámu í Grímsnes- og Grafningshreppi á undanförunum árum og er enn í gangi. Náman er staðsett skammt vestan við þjóðveg nr. 350, um 500 m ofan ármóta Tunguár og Hlíðarár. Fyrirhugað er að stækka námuna og auka þá vinnslu sem farið hefur fram. Náman er í malarhjalla sem myndaðist við lok síðasta jökulskeiðs, fyrir um 8000 – 11000 árum og er hryggur milli þjóðvegjar og námu sem dregur verulega úr sjónrænum áhrifum starfseminnar. Fram kemur að á efnistökusvæðinu sé mólendi og jarðvegur að jafnaði um 0,5 – 1 m þykkur. Áætlað er að vinna allt að 150.000 m³ af sandi og mól úr námunni á allt að 18.000 m² svæði á næstu fimm árum af um 8 m þykkum jarðlögum samkvæmt samningi við landeiganda. Efnisvinnslan felst í niðurbroti steina sem eru stærri en 22 mm í þvermál, hörpun og flokkun efnisins. Gert er ráð fyrir að efnisvinnslan fari fram að jafnaði einu sinni á ári, í einn til tvo mánuði í senn. Utan þess tíma verður í raun engin önnur starfsemi á efnisvinnslusvæðinu en sú að efni verður mokað á vörubíla. Gert er ráð fyrir að

bílstjórar moki sjálfir efni á bíla sína og að ferðirnar verði 5 á dag. Magn þess efni sem unnið verður úr námunni veltur á steypusölu fyrirtækisins en gert er ráð fyrir að 15.000 – 30.000 m³ verði unnir á ári. Ákveðið verður á samningstímanum hvort vinnslunni verður haldið áfram. Vegur liggur að námunni. Búið er að ýta jarðvegi ofan af hluta þess svæðis sem ætlunin er að vinna. Á meðan á efnisvinnslu stendur verður grafa og færlegur brjótur á staðnum sem malar efni og flokkar það. Einnig skúr með ljósavél og gámur með kaffiðstöðu. Tækin ganga fyrir díselolíu og gert er ráð fyrir að olíubíll sé fenginn á staðinn til að fylla á þau þegar þörf er á. Ekki er gert ráð fyrir að eldsneyti eða önnur varasöm efni verði geymd á staðnum. Ekki verður geymt meira af smurólíum og sambærilegum efnum á staðnum en nauðsynlegt er.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé ekki í samræmi við Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014. Svæðið hafi verið deiliskipulagt fyrir frístundabyggð. Efnistökusvæðið sé í norður jaðri vatnsverndarsvæðis (fjarsvæði) sem nái frá Inghóli á Ingólfsfjalli til norðurs, að Tungusporði NV af Torfastöðum.

Frágangur í verklok. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir því að stærstum hluta þess jarðvegs sem rutt verði ofan af svæðinu verði jafnað yfir námubotninn. Um það bil 20 cm þykku svarðlagi verði ýtt ofan af öðrum jarðvegi og það geymt aðskilið frá afganginum af jarðvegslaginu. Þegar gengið verði frá námunni verði svarðlagið sett efst til að auka möguleika þess að upphaflegur gróður nái að þekja svæðið á ný. Reynt verði eftir fremsta megni að ganga frá þeim hlutum námunnar sem hættir séu að nýtast til efnisvinnslunnar jafnóðum og hún verði stækkuð. Ef ástæða þyki til er gert ráð fyrir að sáð verði í svæðið með rýgresi og skammlífum túnvingli. Aðferðir við frágang náma kunni þó að breytast þar sem nú sé í gangi rannsóknaverkefni á vegum Vegagerðar ríkisins um námufrágang. Þar sem efninu er mokað upp úr gryfju innan manar sé náman ekki áberandi frá þjóðvegi 350. Eftir að frágangi sé lokið sé gert ráð fyrir því að aflíðandi, grónar dældir muni sjást í landslaginu.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Grímsnes- og Grafningshrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á hljóðstig. Grímsnes- og Grafningshreppur og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands benda á að nálægð starfseminnar við íbúðarhús og frístundahús kunni að og hafi valdið hávaða í þeim. Vegna þessa þyrfti að skoða hvort að hljóðstig frá starfseminni fari yfir þau mörk sem fram koma í reglugerð um hávaða og einnig hvort að ekki megi haga starfseminni þannig að sem minnstur hávaði berist frá þeim tækjum sem notuð eru, t.d. með hljóðmönnum.

Í svörum Mest ehf. kemur fram að til að minnka hávaða verði brjótur sem notaður sé við efnisvinnsluna fluttur u.þ.b. fimmtíu metra innar í námuna. Þar með muni brjóturinn fara á bak við mön og úr sjónlínu við Litla-Háls og önnur hús í nágrenni námunnar. Þegar efnisvinnsla fari aftur í gang muni hún því miðast við að skapa pláss fyrir brjótinn innar í námunni. Þá sé ráðgert að mæla hávaða frá vinnslunni við fyrsta tækifæri.

Áhrif á vatn. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að skilgreina þurfi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun vatns við efnisvinnsluna.

Í svörum Mest ehf. kemur fram að talið sé að hætta á mengun vatns og jarðvegs eigi sér einkum stað við leka úr vélum og tækjum á svæðinu. Þá geti leki einnig komið að tönkum, brúsum og öðrum ílátum. Til að minnka líkur á mengun sé gerð sú krafa að vélar, tæki og ílát séu daglega skoðuð m.t.t. leka. Einnig séu gerðar þær kröfur að ávallt séu til staðar uppsogsbleyjur til að þurrka upp olíu og önnur efni sem kunna að berast í jarðveg og vatn, að olíum og öðrum efnum sem geymd séu á svæðinu sé haldið í lágmarki, olíuáfyllingar séu að eins miklu leyti og kostur er þjónustaðar af olíubílum og að fyllstu varúðar sé gætt við olíuáfyllingu. Þá sé mælt til þess að tilhögun olíuáfyllingar verði gerð í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða allt að 150.000 m³ efnisnám í malarhjalla við Bíldsfell í Grímsnes- og Grafningshreppi, af um 18.000 m² svæði, á næstu fimm árum. Náman hefur verið í notkun um alllangt skeið en gert er ráð fyrir að árleg vinnsla verði aukin. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif efnistökkunnar á hljóðvist við nálæg íbúðar- og frístundahús kunni að verða nokkur en með því að staðsetja háværustu vélar á bak við manir sé líklegt að áhrifin verði viðunandi.

Skipulagsstofnun telur að með þeirri aðgerðaáætlun og því skipulagi starfseminnar sem Mest ehf. áformar séu ekki líkur á því að mengunarslys geti valdið verulegri vatnsmengun. Skipulagsstofnun telur að áhrif á landslag jarðmyndanir og gróður verði ekki umtalsverð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Mest ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Mest ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að efnisnám við Bíldsfell í Grímsnes- og Grafningshreppi sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Grímsnes- og Grafningshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en kemur að útgáfu framkvæmdaleyfis þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014. Vakin er athygli á að aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. mars 2007.

Póroddur F. Póroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit. Umhverfisráðuneytið, Grímsnes- og Grafningshreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun.

